

## 13. FUNDUR STJÓRNAR HUNDARÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

### STARFSÁRIÐ 2019-2020

Mánudaginn 20. apríl kl. 18:00 var haldinn þrettánda fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands.

Fundurinn var fjarfundur, unnin gegnum Microsoft Teams.

Mætt voru: Herdís Hallmarsdóttir formaður, Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Heiðar Sveinsson, Svava Björk Ásgeirsdóttir og Þorsteinn Thorsteinson auk varamanna Guðbjargar Guðmundsdóttur og Guðna B. Guðnasonar.

Guðný Isaksen framkvæmdastjóri HRFÍ tók þátt í fundinum.

Þorsteinn Thorsteinson ritaði fundinn.

#### Dagskrá fundarins var sem hér segir:

##### 1. Áhrif samkomubanns á starfsemi félagsins

Samkomubann vegna Covid-19 veirunnar hefur haft margvísleg áhrif á starfsemi HRFÍ, opnun skrifstofu félagsins, starfsmannahald og margskonar viðburði, þar á meðal hundasýningu fyrir allar tegundir sem halda átti í júní.

Guðný fer yfir stöðuna. Allar skráningar á viðburði liggja niðri, skrifstofa félagsins er lokuð félagsmönnum en síminn er opinn og erindi afgreidd um síma eða með tölvupósti. Í augnablikinu eru ættbókarskráningar einu tekjur félagsins og ljóst að félagið verður af ansi miklum tekjum með aflýsingu sumarsýningarinnar. Strax og áhrif faraldursins urðu ljós var starfshlutfall eins starfsmanns minnkað í 25% með hlutabótaleið stjórnvalda. Ekki var búið að bóka flug fyrir dómara á júnísýninguna svo ekki verður tjón fyrir félagið vegna þess. Einnig varð að fella niður margvísleg vinnu- og veiðipróf sem og námskeið og margar deildir urðu að fresta ársfundum.

Eftir 4. maí munu fjöldatakmarkanir samkomubanns hækka úr 20 í 50 sem gæti gert mögulegt að halda smærri viðburði og jafnvel sum veiðipróf. Aflýsa þurfti fyrirhugaðri augnskoðun í maí en stefnt er að því að fjölga dýralæknum sem augnskoða í september og jafnvel fjölga dögum sem verður augnskoðað. Jafnvel verður augnskoðunin haldin á tveimur stöðum til að gæta að fjölda einstaklinga á sama stað.

Ekki er búið að aflýsa fyrirhugaðri tvöfaldri sýningarhelgi í lok ágúst. Ýmsir möguleikar á skipulagi ræddir, s.s. skipta sýningunni upp, hafa fjöldatakmarkanir. Hafa þarf í huga að nánd við sýnendur getur gert sýningadómara útsetta fyrir mögulegu smiti. Í augnablikinu er því ekkert hægt að gera nema bíða og sjá til, vera bjartsýn.

Ástandið í þjóðfélaginu heggur stórt skarð í tekjur félagsins. NKK bauð sínum félagsmönnum að styrkja sitt félag með frjálsum framlögum. Sum íþróttafélög hafa efnt til leikja á Facebook til fjáröflunar og ákveðið að reyna að koma slíkum leik af stað.

## 2. Tölvukerfi

Í ljósi ástandsins var ákveðið að útbúa kynningu á nýju tölvukerfi fyrir félagsmenn. Guðný upplýsir um stöðu málsins og sýnir drög að kynningu. Ýmsar tillögur að viðbættum ræddar og hvernig best væri að koma efninu til félagsmanna og fá viðbrögð og fyrirspurnir frá þeim.

Guðni bendir á að enn vanti skriflegan samning við DKK, hýsingaraðilann og Origen og Guðný mun ganga frá þeim málum.

## 3. Undirbúningur aðalfundar

Eins og áður sagði munu fjöldatakmörkanir samkomubanns hækka úr 20 í 50 eftir 4. maí en það dugar ekki til þess að hægt verði að halda aðalfund HRFÍ með óbreyttu sniði enda hafa hingað til yfir 100 manns sótt aðalfund félagsins. E.t.v. verður búið að slaka enn frekar á fjöldatakmörkunum undir lok maí og er stefnt að fundi þá en að sjálfsögðu hlýtir félagið fyrirmælum opinberra aðila. Undirbúningsgögn munu liggja fyrir á réttum tíma, skýrsla stjórnar, ársreikningur sem og efni fundarins og fundurinn svo haldinn eftir að nægjanlega margir mega koma saman.

Almennar umræður til undirbúnings aðalfundar.

## 4. Augnskoðun í maí – undanþágur frá kröfum um augnskoðanir og gildistíma þeirra

Fyrirhugaðri augnskoðun 14.-16. maí hefur verið frestað vegna faraldurs Covid-19. Áætlað er að hafa augnskoðun næst 3.-5. september og fá þá tvo dýralækna í stað eins og mun sú skoðun einnig framkvæmd á Akureyri, þar sem skoðun þar fellur niður í maí.

Í ljósi þeirra aðstæðna sem nú eru í þjóðfélaginu er ákveðið að veita ræktendum ákveðið svigrúm er varðar augnvottorð. Að mati stjórnar er ekki hægt að krefjast augnskoðunar að viðlagðri kæru til siðanefndar á þeim tíma sem ekki er hægt að bjóða upp á augnskoðun. Því er ákveðið að séu undaneldisdýr notuð til ræktunar, án þess að þau hafi verið augnskoðuð eða með of gamalt augnvottorð, verði ættbækur engu að síður gefnar út og ekki verður send inn kæra til siðanefndar. Það er fortakslaust skilyrði að ræktandi mæti strax með dýrið í næstu augnskoðun sem félagið mun standa fyrir. Mæti dýrið ekki verður málið án tafar sent til meðferðar siðanefndar auk þess sem afkvæmin verða sjálfkrafa sett í ræktunarbann. Þetta svigrúm gildir um þau got þar sem pörun átti sér stað eftir síðustu augnskoðun félagsins sem haldin var 6.-7. febrúar síðastliðinn.

Stjórn vill áreitta að ræktun án heilbrigðisskoðana er alfarið á ábyrgð ræktenda sjálfra og treystir því að ræktendur sýni áfram sem hingað til ábyrgð í ræktun og hafi í heiðri velferð og heilbrigði dýranna.

#### **5. Viðurkenning Kanadíska hundaræktarfélagsins á íslenskum ættbókum – erindi frá DÍF (fylgiskjöl 1, 2 og 3)**

Stjórn deildar íslenska fjárhundsins bendir á að Kanadíska hundaræktarfélagið (CKC) viðurkennir ekki ættbækur frá HRFÍ þrátt fyrir að CKC viðurkenni ættbækur frá öðrum löndum FCI.

Alþjóðasamtök hundaræktarféлага, FCI, og CKC eru með samstarfssamning og það á að duga CKC að HRFÍ er fullgildur aðili að FCI. Guðný og Herdís taka að sér að semja bréf til CKC og fylgja málinu áfram.

#### **6. Afgreiðsla erinda – bréf frá Smáhundadeild (fylgiskjöl 4 og 5)**

Stjórn Smáhundadeildar lýsir yfir vonbrigðum með afgreiðslu erinda sem deildin hefur sent stjórn HRFÍ undanfarna mánuði. Um er að ræða heilsufarskröfur fyrir coton de tulear og havanese og rakka af tegundinni coton de tulear sem greindur er með starblindu (cataract).

Stjórn HRFÍ hefur fullan skilning á vonbrigðum deildarinnar með það hve langan tíma hefur tekið að fá svar enda efnið mikilvægt. Ræktunar- og staðlanefnd félagsins vinnur að heildarendurskoðun á reglugerð um skráningu í ættbók, sú vinna er umfangsmikil og tekur tíma. Stjórn tók fyrir erindi annarrar deildar sem stangaðist á við þessa vinnu og eftir það var ákveðið að vísa slíkum erindum til nefndarinnar sem vinnur að endurskoðuninni svo koma megi í veg fyrir að breyta þyrfti reglum oftar en nauðsyn krefur. Þá vissi stjórn af því verklagi nefndarinnar að hafa samráð við bæði deildir og vísindanefnd og taldi málið því í góðum farvegi og unnið í góðu samstarfi. Það er erfitt að setja á kröfu um augnskoðun þegar ekki er boðið upp á hana enda ekki hægt að halda fyrirhugaða augnskoðun í maí.

Hvað varðar rakkann sem greindur er með starblindu en hefur engu að síður verið notaður til ræktunar þá var það skilningur stjórnar að starblinda hafi ekki verið vandamál hjá coton de tulear. Það getur því verið álitamál hvort beita eigi ræktunarbanni en til þess að svo verði, þá þarf að breyta tillögum deildarinnar um heilsufarskröfur þannig að þær tiltaki að bannað verði að rækta undan hundum með arfgenga starblindu.

#### **7. Umsókn Retrieverdeildar um A próf (fylgiskjöl 6 og 7)**

Retrieverdeild sækir um að halda A-veiðipróf fyrir sækjandi hunda. A-próf fara fram á veiðislóð og eru hundar þá prófaðir við þær aðstæður sem þeir eru ræktaðir til og þjálfaðir

fyrir. Svona próf hefur ekki verið haldið á Íslandi áður en er í regluverki fyrir retrieverhunda.

Á A-prófi er notast við lifandi bráð, það er að mörgu að huggja og mikilvægt að vanda undirbúning svo koma megi í veg fyrir óhöpp eða afskipti af prófum félagsins sem gætu haft neikvæð áhrif á slík próf til framtíðar litið.

Sérstakt bann gildir við að nota lifandi dýr sem skotmark við skotæfingar eða keppnir í 15. gr. laga um velferð dýra nr. 55/2013. Bannið er nýmæli og var fyrst sett í lög 2013 og alls ekki ólíklegt að veiðipróf teljist æfing eða keppni sem bannið nær til. Áður en lengra er haldið er því mikilvægt að deildin skoði það með Matvælastofnun, sem hefur eftirlit með framfylgni með lögnum, hvort A-próf brjóti í bága við þetta sértæka bann. Stjórn HRFÍ óskar því eftir því að Retrieverdeildin vinni málið áfram og er að sjálfsögðu boðin og búin til aðstoðar eftir bestu getu sé þess þörf.

## **8. Óendurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til kynningar fyrir stjórn**

Guðný kynnir óendurskoðaða reikninga félagsins. Yfirferðin sýnir að það var rétt ákvörðun að hækka félagsgjöldin um síðustu áramót.

Í ljósi ástandsins í þjóðfélaginu og þeirra áhrifa sem það hefur leggur Guðný til að næsta tölublað Sáms verði netblað sem ekki verði prentað. Umræður um málið og tillagan samþykkt.

Einnig ákveðið að ræða við banka um endurfármögnun veðláns sem hvílir á fasteign félagsins.

## **9. Önnur mál**

**a. Beiðni um afléttingu ræktunarbanns – erindi frá félagsmönnum (fylgiskjöl 8, 9 og 19)**  
Þrjú félagsmenn, eigendur og ræktandi tveggja dvergschnauzera fara fram á afléttingu ræktunarbanns á þeim. Báðir hundar eru augnskoðaðir án athugasemda a.m.k. þrisvar sinnum en eru í ræktunarbanni þar sem móðir þeirra var greind með PRA í augnskoðun og báðir hundarnir arfberar fyrir PRA type B. Samkvæmt núgildandi ræktunarskilyrðum dvergschnauzer er heimilt að nota arfbera fyrir PRA type B í ræktun með því skilyrði að viðkomandi hundur sé notaður á móti hreinum hundi. Í dag er hægt að greina arfbera fyrir PRA type B með DNA prófi og undirgangast öll ræktunardýr hjá dvergschnauzer það próf.

Eftirfarandi skilyrði fyrir dvergschnauzer má finna í reglugerð HRFÍ um skráningu í ættbók.

Öll undaneldisdýr skulu DNA -type prófuð og greiningin sé Normal/Clear (N/C) eða séu sannanlega ekki sýkt vegna erfða frá PRA B foreldrum, Normal/Clear by parentage (N/C/P). Heimilt er þó að þara hund sem hefur greinst sem PRA beri svo framanlega að hinn hundurinn sé PRA hreinn. Ræktunardýr sem eru undan PRA B fríum foreldrum þarf ekki að DNA testa við sjúkdómnum. Regla þessi tekur gildi 1.12.2019

Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu er 21 dvergschnauzer í ræktunarbanni samkvæmt reglum um PRA.

Ræktunar- og staðlanefnd félagsins vinnur að endurskoðun ræktunarskilyrða fyrir allar tegundir og gaf umsögn um málið. Nefndin bendir á að umræddir hundar hafi einungis verið prófaðir fyrir PRA type B en í dvergschnauzer séu þekktar a.m.k. þrjár tegundir af PRA samkvæmt leiðarvísi fyrir augnlækna ECVO. Þessar tegundir eru PRA A, PRA B og PRA late onset.

Nefndin bendir á eftirfarandi ákvæði í Reglugerð HRFÍ um skráningu í ættbók sem gildir um öll hundakyn:

4. HRFÍ stendur reglulega fyrir augnskoðunum og skráir niðurstöður þeirra í ættbók. Um öll hundakyn gildir að greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) er hann settur í ræktunarbann og fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Að sama skapi eru foreldrar, systkini og áður skráð afkvæmi hundsins sett í ræktunarbann, nema sýnt sé fram á með DNA prófi að hundarnir séu hreindir af öllum þeim PRA gerðum sem þekkt eru í kyninu. Þekktan PRA bera má einungis þara við arfhreinan hund.

Umræddir hundar hafa einungis verið prófaðir fyrir PRA type B sem tekur ekki mið af öðrum gerðum PRA. Nefndin leggst því gegn því að umræddir hundar verði teknir úr ræktunarbanni þar sem þeir eru ekki sannanlega greindir ósýktir af öllum gerðum PRA sem hafa fundist innan tegundarinnar.

Umræður um málið og ákveðið að fresta endanlegri afgreiðslu þar til stjórn Schnauzerdeildar hefur fundað með Ræktunar- og staðlanefnd um ræktunarskilyrði dvergschnauzer enda stangast ákvæði reglnanna á.

**b. Grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ – erindi frá Ræktunar- og staðlanefnd (fylgiskjal 11)**

Ræktunar- og staðlanefnd félagsins hefur farið yfir Grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ og samræmt við Reglur um skráningu í ættbók.

Nefndin leggur einnig til að greinum 5 og 6 í kafla 5 í Reglum um skráningu í ættbók verði breytt og verður textinn þá svohljóðandi:

5. Ef tík er pöruð eftir 7 ára aldur skal fylgja pörunarvottorði vottorð frá dýralækni, sem staðfestir að tíkin hafi verið í líkamlega góðu ástandi fyrir pörun og geti gengið með hvolpa og alið önn fyrir þeim án þess að það komi niður á heilsu hennar. Vottorð dýralæknis má ekki vera eldra en mánaðargamalt við pörun. Einungis er heimilt að taka eitt got frá tík eftir 8 ára aldur. Óheimilt er að para tík sem er orðin 7 ára gömul hafi hún ekki átt hvolpa áður og aldrei skyldi para tík sem náð hefur 10 ára aldri. Hvolpar úr slíkum gotum fást ekki ættbókarfærðir.

6. Tík skal að hámarki eiga fimm got um ævina, öll got meðtalin. Tryggja skal að tík fái nægjanlega hvíld á milli gota, ef tík gýtur tvisvar innan 12 mánaða tímabils þarf að hvíla tíkina í a.m.k. í 12 mánuði fyrir næsta got. Tík sem er 7 ára eða eldri skal hvílast a.m.k. 12 mánuði á milli gota. Tík sem hefur tvisvar gengist undir keisaraskurð má ekki nota áfram til undaneldis. Hvolpar undan henni fást ekki ættbókarfærðir.

Tillaga nefndarinnar samþykkt.

Fundi slitið 22:11